

Besti bankinn


2015-2016



BLÓÐBANKINN



Árið 2015 hjá Blóðbankanum



7.430

FJÖLDI BLÓÐGJAFNA



1.569

NÝIR BLÓÐGJAFAR



14.277

KOMUR EINSTAKLINGA



1.736

EININGAR SAFNAÐAR AF NEYÐARBLÓÐI



2.231

SJÚKLINGUR ÞÁÐI BLÓÐ



1.284

FJÖLDI BLÓÐHLUTA SENDUR ÚT Á LAND



6

FJÖLDI RITRÝNDRA ISI GREINA



55

FJÖLDI STARFSMANNA

Blóðgjafar




27% blóðgjafa voru konur en 73% karlar.



31% þeirra sem gáfu blóð voru 30 ára eða yngri

Blóðhlutar



10850

RAUÐKORNA-EININGAR

2218

BLÓÐFLÖGU-EININGAR

2586

BLÓÐVÖKVA-EININGAR

Blóðbankabíllinn



Áætlun blóðsöfnunarferða 2017

Blóðbankabíllinn er afar mikilvægur en fastir viðkomustaðir hans skila drjúgu blóði til starfsemi Blóðbankans auk þess sem bíllinn auðveldar okkur að finna og virkja nýja blóðgjafa. Farið er í reglulegar söfnunarferðir í stærri þéttbýliskjarna auk ferða á Snæfellsnes, um Norðurland og í háskóla og menntaskóla.

Rauði krossinn festi kaup á fyrsta blóðsöfnunarbílnum árið 1965. Í fyrstu þurfti að flytja búnað og setja upp blóðsöfnun með ærinni fyrirhöfn í félagsheimilum, skólastofum og stofnunum. Það var því gjörbylting þegar Rauði krossinn gaf Blóðbankanum blóðbankabíllinn árið 2002. Í blóðbankabílnum eru fjórir söfnunarbekkir og góð aðstaða til blóðsöfnunar. Bíllinn er hins vegar kominn til ára sinna og hafa bilanir aukist að undanförunum.

Nú stendur yfir tilraunverkefni þar sem flogið er með söfnunarbúnað til staða þar sem ekki hefur verið safnað blóði í yfir tuttugu ár: Vestmannaeyja, Ísafjarðar, Egilsstaða og Reyðarfjarðar. Árangurinn verður svo metinn haustið 2017.

Janúar

● Akranes – Selfoss – Reykjanesbær

Febrúar

● Akranes – Selfoss – Reykjanesbær – Vestmannaeyjar*

Mars

● Akranes – Selfoss – Reykjanesbær – Borgarnes – Grindavík

Apríl


● Akranes – Selfoss – Reykjanesbær – Ísafjörður*

Maí

● Norðurland – Snæfellsnes – Egilsstaðir*


Áætlun birt með fyrirvara um breytingar

*Flogið verður á þessa áfangastaði



FM 53972

GÆÐAVOTTUÐ STARFSEMI



Leið blóðsins

1 SKRÁNING

Blóðgjafi gefur persónu-upplýsingar, sýnir skilríki og fyllir út heilsufarsblað.

3 UNDIRBÚNINGUR

Blóðpoki og sýnaglös eru merkt og farið yfir merkingarnar með blóðgjafa.

2 VIÐTAL

Hjúkrunarfræðingur fer yfir heilsufarsupplýsingar með blóðgjafa og mælir blóðþrýsting.

4 BLÓÐGJÖF

Á 5-8 mínútum eru teknir 450 ml úr handlegg meðan blóðgjafi hvílir á blóðtökubekk.

5 HRESSING

Blóðgjafinn fær hressingu á kaffistofunni og jafnar sig um stund.

7 FRAMLEIÐSLA BLÓÐHLUTA

Heilblóðið er spunnið í skilvindu og aðskilið í blóðhluta: Rauðkornaþykkni, blóðvökva og blóðflögur.

9 BLÓÐHLUTABIRGÐIR

Blóðhlutarnir verða hluti af nauðsynlegum birgðum sem tryggja öryggi heilbrigðisþjónustunnar.

6 RANNSÓKNIR

Blóðflokkun, mótefnaskimun blóðflokka, almenn blóðrannsókn og veiruskimun.

8 GÆÐAEFTIRLIT

Gengið er úr skugga um að allir blóðhlutar standist strangar gæðakröfur.

10 SÝNATAKA ÚR SJÚKLINGUM


Sýni úr sjúklingum eru send í Blóðbankann til rannsókna og undirbúnings á blóðhlutainngjöf.

11 PRÓFUN OG AFGREIÐSLA

Þegar sjúklingur þarf blóðgjöf eru samræmingarpróf gerð milli blóðþega og blóðgjafa.

13 INNGJÖF

Nú er blóðhlutinn til taks fyrir sjúklinginn vegna skurðaðgerðar eða annarra læknismeðferða.



Starfsemi Blóðbankans

Blóðbankinn var stofnaður árið 1953 og statar því af liðlega 60 ára sögu sem einn af hornsteinum íslenska heilbrigðiskerfisins. Með tilkomu Blóðbankans stóð skortur á blóði ekki lengur í vegi fyrir því að hægt væri að gera þær skurðaðgerðir sem þurfti.

Blóðgjafir eiga sér lengri sögu hér á landi og fyrsta skipulagða starfsemin var blóðgjasveit á vegum skáta í Reykjavík á fjórða áratug 20. aldar. Þá var ætlast til þess að félagar í blóðgjasveitinni lifðu heilbrigðu líferni, neyttu áfengis í hófi og reyktu lítið auk þess sem eingöngu karmenn fengu að gefa blóð.

Hlutverk Blóðbankans er fyrst og fremst að veita Íslendingum örugga blóðbankaþjónustu á landsvísi. Blóðbankinn hefur auk þess hlutverki að gegna á sviði líffæraflutninga og stofnfrumumeðferða, kennslu og rannsókna. Landspítalinn hefur ekki aðeins lagalega skyldu til að starfrækja blóðbankaþjónustu á landsvísi heldur gilda sérstök lög og reglur um starfsemina og hefur Lyfjastofnun, auk landlæknis, eftirlit með starfseminni. Þannig er fyllsta öryggis gætt, svo blóðgjafar geti verið öruggir um sinn hag þegar blóð er gefið og sjúklingar verið öruggir um að þeir fái heilbriggt blóð.

Blóðbankinn hefur dafnað í árána rás og starfsemin orðið víðameiri og fjölbreyttari. Í upphafi voru starfsmenn einungis fimm talsins en nú eru þeir hátt í sextíu. Í upphafi var Blóðbankinn í gamla Blóðbankahúsinu við Barónsstíg en er nú í stærra og betra húsnæði við Snorrabraut. Auk þess er starfsstöð á Sjúkrahúsinu á Akureyri og blóðbankabíllinn safnar blóði víðsvegar á höfu borgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Einnig fer starfsfólk Blóðbankans og



safnar blóði á nokkrum stöðum þar sem ómögulegt eða óhagkvæmt er að fara með blóðbankabílinn, meðal annars á Ísafirði, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Þannig hefur tekist að afla nægilegs blóðs til að sinna íslenska

Hlutverk Blóðbankans er fyrst og fremst að veita Íslendingum örugga blóðbankaþjónustu á landsvísi.

heilbrigðiskerfinu.

Markmið starfsmanna Blóðbankans er að uppfylla þarfir íslensks samfélags fyrir blóð. Sífellt þarf að þróa og útvíkka starfsemina með þarfir nýrra tíma að leiðarljósi. Til þess þurfum við stuðning blóðgjafa á öllum aldri og báðum kynjum.

» Viðtal

Klara Arnalds, blóðgjafi

Klara Arnalds kom fyrst í Blóðbankann um leið og hún varð nógu gömul til að mega gefa blóð. Vinkona hennar, sem var ári eldri, hafði gortað af því að vera blóðgjafi og þá kom keppnisskapið upp í Klöru, sem vildi ekki vera minni kona. Upp frá því hefur hún heimsótt Blóðbankann reglulega, að undanskildu tímabili þegar hún gekk með son sinn.

Klara hafði reyndar lengi verið meðvitund um mikilvægi blóðgjafa. Þegar pabbi hennar veiktist alvarlega þurfti hann á blóðgjöf að halda og þá upplifði Klara ávinninginn í sinni nánustu fjölskyldu.

„Upplifunin er bara notaleg. Andrúmsloftið er hlýlegt, viðmót starfsfólksins elskulegt og svo er hlúð vel að manni á kaffistofunni á eftir.“

Í fyrstu blóðgjöfinni kom í ljós að Klara var sérstaklega mikilvægur blóðgjafi. Hún er í sjaldgæfum blóðflokki, O-mínus, en O-mínus blóð er hægt að gefa sjúklingum í öllum blóðflokkum og er því hægt að nota það sem neyðarblóð þegar hratt þarf að bregðast við, t.d. eftir slysi.

Finnst Klöru mikið mál að gefa blóð? „Alls ekki. Upplifunin er bara notaleg. Andrúmsloftið er hlýlegt, viðmót starfsfólksins elskulegt og svo er hlúð vel að manni á kaffistofunni á eftir. Ég hef heldur aldrei verið hrædd við nálar og finnst áhugavert að fylgjast með hjúkrunarfræðingunum að störfum.“



Um blóðgjafir

Til að eiga nóg blóð þarf Blóðbankinn að fá um 70 blóðgjafa á dag. Árið 2015 gáfu 7.430 manns blóð, einu sinni eða oftari en að meðaltali kemur hver blóðgjafi tæplega tvisvar á ári. Til að viðhalda hópnum þurfa 2.000 nýir blóðgjafar að bætast við á hverju ári. Þótt konum í hópi blóðgjafa fjölgi þá eru þær einungis tæplega þriðjungur af hinum reglulega blóðgjafahópi. Nýir blóðgjafar þurfa að vera á aldrinum 18-65 ára en virkir blóðgjafar mega gefa til sjötugs ef allt er í lagi.

Við fyrstu komu eru einungis teknar blóðprufur fyrir blóðflokkun og almenna blóðrannsókn og auk þess skimað fyrir HIV og lifrabólgu B og C. Blóðgjafi getur gefið blóð 2-3 vikum síðar. Sjálf blóðgjöfin tekur 5-8 mínútur en í heild tekur koman í Blóðbankann aðeins um 20-30 mínútur ef ekki er bið. Hægt er að bóka tíma og komast þannig hjá bið!

» Viðtal

Skúli Eggert Sigurz, blóðþegi

Skúli Eggert Sigurz varð fyrir lífshættulegri stunguárás árið 2012. Fyrir hann skildi blóðgjöf á milli lífs og dauða. Skúli þurfti 55 lítra af gjafa-blóði beint eftir árásina á meðan læknar framkvæmdu á honum aðgerð til að bjarga lífi hans. Þegar upp var staðið hafði hann þegið 70 lítra af blóði alls þegar hann útskrifaðist af spítalanum. Aðeins einn annar Íslendingur er á lífi sem hefur fengið jafnstóra blóðgjöf.

Hver blóðgjafi gefur 450 ml af blóði í einni gjöf. Það voru því vel yfir 100 einstaklingar sem gáfu Skúla blóð. Gengið var nærri blóðbirgðum hjá Blóðbankanum svo gripið var til þess ráðs að kalla eftir blóðgjöfum í útvarpinu. Margir svörðuðu kallinu, þar á meðal ýmsir ættingjar og vinir Skúla.

„Að gefa blóð er að gefa líf. Ég skora á alla að bretta upp ermarnar!“

„Að gefa blóð er að gefa líf,“ segir Skúli. „Blóð er lífselexír og blóðgjöf er í rauninni næsti bær við líffæragjöf.“ Líkt og hjá líffæraþegum reynir líka mikið á líkama blóðþega sem tekur við stórum skammti af utanaðkomandi blóði og Skúli fann vel fyrir álaginu á líkamann þegar hann var að taka við blóðgjöfum eftir aðgerðina. „Ég er lífandi í dag vegna blóðgjafanna,“ segir Skúli. „Eins og ég hef áður sagt: Ég skora á alla að bretta upp ermarnar!“



Um blóðþega

Bráðamóttökur Landspítalans taka á móti um 100 þúsund sjúklingum á ári hverju. Á spítalanum eru gerðar um 13 þúsund skurðaðgerðir og þar koma tæplega þrjú þúsund börn í heiminn. Megnið af blóði sem gefið er í Blóðbankanum fer til sjúklinga með krabbamein, skurðsjúklinga og þeirra sem hafa orðið fyrir slysi eða bruna.

Tæpur þriðjungur blóðsins gagnast sjúklingum með krabbamein og aðra blóðsjúkdóma. Fimmtungur fer til sjúklinga í aðgerð en um 15% til þeirra sem glíma við sjúkdóma, t.d. í hjarta, maga eða nýrum. Blóðið gagnast einnig við bæklunaraðgerðir og fæðingar að ógleymdum þeim sem lenda í slysum svo eitthvað sé nefnt.